

L Ö G

82

23. des.

um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að veita Friedrich Karl Lüder verkfræðingi, Kiel, Þýzkalandi, leyfi til þess að reka atvinnu í Hafnarfirði, sem nauðsynleg er í sambandi við vinnslu hraunefnis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

83

23. des.

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1960“ í 1. málslíð a-liðs ákvæða til bráðabirgða komi: til ársloka 1961.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1961.

Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.